



Reykjavík 03.05.2018

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 2. maí 2018 varðandi eftirfarandi mál.

Votlendi

Lagt fram bréf votlendissjóð dags. 23. apríl 2018 þar sem óskað er eftir stuðningi Reykjavíkurborgar við fyrirhugaða endurheimt votlendis í Úlfasarárdal. Einnig er lagt fram minnisblað varðandi endurheimt votlendis mótttekið 24. apríl 2018 og tillaga umhverfis- og skipulagsvið , skrifstofu umhverfisgæða dags. 23. apríl 2018.

Tillaga umhverfis- og skipulagsvið, skrifstofu umhverfisgæða dags. 23. apríl 2018 samþykkt.

Vísað til borgarráðs.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Harri Ormarsson

Fylgiskjöl: bréf votlendissjóð dags. 23. apríl 2018 ásamt minnisblaði dags. 24. apríl 2018 og tillaga umhverfis- og skipulagsvið , skrifstofu umhverfisgæða dags. 23. apríl 2018.

23. apríl 2018

Efni: Að endurheimt votlendis í Úlfarsárdal fari í gegnum Votlendissjóðinn

Sæll Guðmundur,

Votlendissjóðurinn hefur það hlutverk að stuðla að stórfelldri endurheimt votlendis á Íslandi. Samkvæmt rannsóknum Landbúnaðarháskólans á losun CO2 úr framræstu landi og flatarmáli framræsts lands á Íslandi er áætlað að rúmlega 70% af losun gróðurhúsalofttegunda landsins komi úr framræstu votlendi.

Votlendissjóðurinn gefur einstaklingum, fyrirtækjum, sveitarfélögum, stofnunum, félagasamtökum og öðrum kost á að sýna í verki samfélagslega ábyrgð í loftslagsmálum.

Hægt er að leggja sjóðnum lið með því að leggja í hann fé sem verður nýtt í að endurheimta votlendi, eða leggja til vinnu, tæki eða framræst land til að endurheimta. Sjóðurinn staðfestir einnig stöðvun á losun úr endurheimtarverkefnum.

Endurheimtarverkefni Reykjavíkurborgar í Úlfarsárdal hentar vel til að fara í gegnum Votlendissjóðinn og ósk okkar er að Reykjavíkurborg framkvæmi verkefnið í gegnum sjóðinn. Í því felst að sérfræðingur Landgræðslunnar metur losunina frá landinu og leggur til hvað þurfi að gera til að stöðva hana ásamt því að taka verkið út í lokin. Reykjavíkurborg þyrfti ekki að leggja neitt fé í verkefnið annað en að endurheimta votlendið í samræmi við tillögur Landgræðslunnar.

Í staðinn fengi Reykjavíkurborg staðfestingu frá Votlendissjóðnum um að hafa stöðvað losun á líklega um 10 hekturum lands eða um 200 vottonnum (vottonn eru tonn af CO2 ígildum sem losna árlega frá framræstu votlendi). Það er losun sem er sambærileg við árlega stöðvun á losun 40 bifreiða sem losa 5 tonn af CO2 á ári eða 3ja strætisvagna Reykjavíkurborgar. Staðfestu tölurnar er hægt að skrá í loftslagsbókhald Reykjavíkurborgar. Klappir gera ráð fyrir endurheimt votlendis í sínu loftslagsbókhaldi. Með staðfestingu Votlendissjóðsins á losunartölunum er hægt að skrá tölurnar í losunarbókhald Reykjavíkurborgar hjá Klöppum.

Það skiptir Votlendissjóðinn miklu máli að fá öflugasta sveitarfélag landsins, Reykjavíkurborg, með snemma í ferlinu. Auka þarf umræðu um endurheimt votlendis og þau vísindi sem liggja þar að baki.

Votlendissjóðurinn er í samstarfi við alla þá fagaðila á Íslandi sem þekkingu hafa á endurheimt votlendis og leggur mikla áherslu á fagleg vinnubrögð. Endurheimt votlendis er viðurkennd aðferð af IPCC (Intergovernmental Panel of Climate Change) og þær rannsóknir sem hafa verið gerðar á Íslandi, m.a. af Landbúnaðarháskólanum, sýna að hægt er að styðjast við þá losunarstuðla sem IPCC gefur upp fyrir Ísland og sambærileg svæði á jörðinni.

Minnisblað um Votlendissjóðinn er í meðfylgjandi skjali. Hafa skal samt í huga að verkefnið er í þróun og mun þróast í anda þess sem IPCC leggur upp með þ.e. byrja með einfaldari matsaðferðir og fínstillta þær eftir því sem verkefnið þróast. Háskóli Íslands, Efla, Landbúnaðarháskólinn og Landgræðslunni munu vinna að því með Votlendissjóðnum.

Reykjavíkurborg hefur sýnt mikið áráði í loftslagsmálum og það er von okkar að við getum stutt ykkur til að sýna áframhaldandi samfélagsábyrgð á því sviði.

Bestu kveðjur,

Eyþór Eðvarðsson
Stjórnarformaður Votlendissjóðsins
892 1987

P.S. Meðfylgjandi er minnisblað um Votlendissjóðinn



Votlendi þekja um 20% af grónu flatlendi Íslands. Stór hluti votlendis á láglandi hefur verið raskað með framræslu. Mest af framræslunni fór fram um og eftir miðja síðustu öld þegar ríkið styrkti framkvæmdina. Grafnir hafa verið um 34.000 km af skurðum sem þurrkuðu um 4200 km² lands, áætlað er að nú séu um 15% eða 570 km² lands nýtt til jarðræktar.

Jarðvegur mýrlendis er vatnsmettaður og súrefnissnauður. Aðstæður eru því ekki hliðhollar rotverum og sá lífræni massi sem fellur til ár hvert brotnar ekki niður nema að litlu leyti og safnast þess í stað upp. Við framræslu lækkar vatnsyfirborð, jarðhiti hækkar og súrefni verður aðgengilegt. Þetta verður til þess að lífrænt efni sem hefur safnast upp árhundruðum saman tekur að brotna niður með tilheyrandi losun gróðurhúsalofttegunda.

Losun frá framræstu landi er langstærsti einstaki losunarþáttur gróðurhúsalofttegunda á Íslandi og er talinn vera um 70% af heildarlosun hérlendis sem hægt er að stýra. Votlendissvæði eru einnig mikilvæg í öðru samhengi því þau eru búsvæði ýmissa lífvera (plantna, fugla, fiska og smádýra), gegna hlutverki við vatnsmiðlun, temprun flóða og bætingu vatnsgæða. Því felst margskonar ávinningur í að nýta þá áhrifaríku en jafnframt hagkvæmu loftslagsaðgerð sem endurheimt votlendis er.

Til að undirbúa stórfellda endurheimt votlendis hefur verið stofnaður Votlendissjóður sem hefur þann tilgang að tengja saman þá sem eiga framræst votlendi og þá sem vilja greiða fyrir endurheimt votlendis undir formerkjum samfélagslegrar ábyrgðar á verkefninu. Kostunaraðili fær viðurkenningu fyrir sitt fjárframlag og landeigandi einnig. Stærri kaupendur fá staðfestingu í formi vörumerkis (lógó) sem þeir geta nýtt sér í markaðslegum tilgangi, t.d. ferðaþjónustu. Til að staðfesta raunverulegan árangur munu sérfræðingar Landgræðslunnar meta losun gróðurhúsalofttegunda fyrir og eftir endurheimt og fylgjast með breytingum á hæð grunnvatns. Þá munu verklýsingar fyrir útboð til viðurkenndra verktaka sem uppfylla kröfur um faglega þekkingu og vinnubrögð við endurheimt votlendis stuðla að sem bestum árangri við framkvæmd. Landgræðslan í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands mun hafa umsjón með námskeiðum fyrir verktaka og tryggja faglega framkvæmd verkefnisins. Til að meta enn frekar árangur munu Fuglavernd og Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Suðurlandi þjálfa sjálfboðaliða um allt land í að telja fugla og meta þannig líffræðilegan fjölbreytileika bæði fyrir og eftir endurheimt.

Lögð er áhersla á að verkefnið verði unnið í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands og geti þannig gagnast við að ná fram markmiðum ýmissa samninga s.s. Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna, Samnings um líffræðilega fjölbreytni, Ramsar samningsins um vernd og endurheimt votlendis, AEWA samningsins um vernd búsvæða votlendisfugla, heimsmarkmið um sjálfbæra þróun. Tryggt verði einnig að unnið sé samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/201, en þau eiga að stuðla að endurheimt raskaðra vistkerfa og auka þol íslenskra vistkerfa gegn náttúruhamförum og hnattrænum umhverfisbreytingum.

Sveitarstjórn Fjarðabyggðar mun vera tilraunasveitarfélag þar sem heildrænt verður tekið á endurheimt votlendis. Fljótlega verður farið með kynningu fyrir landeigendur og íbúa sveitarfélagsins um verkefnið og verktakar vottaðir og sjálfboðaliðar þjálfaðir í fuglatalningu og mati á líffræðilegum fjölbreytileika. Þar verður metið hvaða land hentar til endurheimtar og hvaða land ekki, því forgangsraðað, heildarflatarmál reiknað og áætlun um endurheimt gerð.

Til að árangur verkefnisins verði eins mikill og kostur er, verður ráðinn starfsmaður til að halda utan um verkefnið og tryggja framgang þess. Hugmyndin að baki þessu verkefni er að það fjármagn sem safnast nýtist sem best í að endurheimta votlendi. Fyrir liggur að stór hluti vinnunnar verður unninn



með sjálfboðaliðum, sveitarfélögum, háskólum, ríkisstofnunum og landeigendum. Þeir einu sem fá greitt eru verktakarnir sem vinna verkið og starfsmaður sjálfseignarstofnunarinnar. Landgræðslan mun ábyrgjast mat á losun fyrir og eftir framkvæmd, gerð útboðsáætla og úttekt á verki í lokin.

Bakhjarlar verkefnisins eru:

- Landgræðslan
- Landbúnaðarháskólinn
- Fuglavernd
- Háskóli Íslands
- Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Suðurlandi
- Þekkingarmiðlun
- Ámundi (grafískur hönnuður)
- EFLA verkfræðistofa
- Auðlind náttúrusjóður
- Fjarðabyggð
- París 1,5 Áhugahópur um árangur í loftslagsmálum.
- Klappir
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- PWC endurskoðendaskrifstofa
- Landvernd
- Náttúrstofa Austurlands
- Vegagerðin
- Íslandsbanki
- Skeljungur
- Reitir fasteignafélag
- Samskip
- Elding Hvalaskoðun

Tengiliður

Eyþór Eðvarðsson

eythor@thekkingarmidlun.is

892 1987



Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur

Borgartún 12-14
105 REYKJAVÍK

Stuðningur við Votlendissjóð með endurheimtarverkefni í Úlfarsárdal

Votlendissjóður hefur leitað til umhverfis- og skipulagssviðs um stuðning við sjóðinni í því formi að fyrirhuguð endurheimt votlendis í Úlfarsárdal, sem unnið er að, verði unnin gegnum sjóðinn. Verkefnið í Úlfarsárdal hefur verið í undirbúningi í nokkurn tíma, vinna við verkhönnun er að hefjast og stefnt er á að hefja framkvæmdir seinni hluta sumars. Mikilvægt er fyrir sjóðinn að fá stuðning frá stærsta sveitarfélagi landsins við stofnun sjóðsins. Meðfylgjandi er erindi Votlendissjóðs þar sem óskað er stuðnings Reykjavíkurborgar og sjóðnum lýst.

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð taki jákvætt í erindið og vísi því til borgarráðs til samþykktar.

Guðmundur B. Friðriksson
skrifstofustjóri skrifstofu umhverfisgæða

Hjálagt:
Erindi Votlendissjóðs dags. 23. apríl 2018